

Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 26. janúar 1986.

Árbæjarprestakall: Barnasamkoma í Földaskóla í Grafarvogshverfi laugardaginn 25. jan. kl. 11 árdegis. Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar sunnudag kl. 10.30 árdegis. Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 14. Organleikari Jón Mýrdal. Sr. Guðmundur Þorsteins-son.

Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðhólstprestakall: Laugardagur: Barnasamkoma kl. 11. Sunnudagur: Messa kl. 14.00 í Breiðhólstskóla. Sighvatur Karlsson guðfræðinemi prédikar. Organisti: Daniel Jónsson. Sóknarpresturinn.

Bístaðaskirkja: Barnasamkoma kl. 11.00. Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir. Messa kl. 14.00. Gítarleikur: Þórarinn Sigurbjörnsson. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir. Æskulýðs-félagsfundur þriðjudagskvöld. Félagstarf aldraðra síðdegis á miðvikudögum. Sóknarnefndin.

Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu v/Bjarnhólastig kl. 11.00. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14.00. Biblíulestur í safnaðarheimilinu fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur 25. jan.: Barnasamkoma kl. 10.30. Sr. Agnes M. Sigurðardóttir. Sunnudagur 26. jan.: Messa kl. 11. Pálmar Ólafsson arkitekt prédikar. Leikmenn flytja bænir og ritningartexta. Sr. Þórir Stephensen. Messa kl. 14.00. Sr. Hjalti Guðmundsson. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organleikari Martein H. Friðriksson.

Landakotspítali: Messa kl. 11.00. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Hjalti Guðmundsson.

Fella- og Hólakirkja: Laugardagur: Kirkjuskóli verður í kirkjunni við Hólaberg 88 kl. 10.30. Barnasamkoma í Hólabrekjukústa kl. 14.00. Sunnudagur: Guðsþjónusta kl. 14.00. Dómrófastur, sr. Ólafur Skúlason, prédikar og vísitætur. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Mánudagur 27. jan.: Fundur í æskulýðsfélaginu kl. 20.30. Sr. Hreinn Hjartarson.

Grenskirkja: Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14.00 í tilefni alþjóðlegru bænavikunnar. Einar J. Gíslason, forstöðumaður Filadelfíu, prédikar. Sólrún Hlökkversdóttir og Íris Guðmundsdóttir syngja einsöng og tví-söng. Organisti Árni Arinbjarnarson. Sr. Halldór S. Gröndal.

Háteigskirkja: Messa kl. 10.00. Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Sr. Arngirður Jónsson. Messa kl. 14.00. Sr. Tómas Sveinsson. Orgelleikari Örthulf Frumner.

Borgarspítalinn: Guðsþjónusta kl. 10.30. Sr. Tómas Sveinsson.

Hallgrímskirkja: Laugardagur 25. jan.: Samvera fermingarbarna kl. 10-14. Félagsvestir í safnaðarheimilinu kl. 15.00. Sunnudagur 26. jan.: Messa kl. 11.00. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Messa kl. 17.00 með þátttöku fermingarbarna og aðstandenda þeirra. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjudagur 28. jan.: Fyrirbænaugðsþjónusta kl. 10.30. Fimmtudagur 30. jan.: Óþió hús fyrir aldraðra.

Landspítalinn: Messa kl. 10.00. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

Kársnesprestakall: Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11 í Kópavogskirkju. Barnakór Kársnesskóla kemur í heimsókn og syngur undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Organisti Kjartan Sigurbjörnsson. Sr. Guðmundur Örn Ragnarsson.

Langhólstskirkja: Óskastund barnanna kl. 11. Söngur – sögur – myndir. Eðvarð Ingólfsson rithöfundur er söguumaður að þessu sinni. Aðrir sem sjá um stundina: Þórhallur Heimisson, Jón Stefánsson og Sr. Sigurður Haukur. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Pjetur Maack. Organisti Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.



Laugarnesarkirkja: BarnaguðsþjónNOjusta kl. 11. Messa kl. 14. Fermingarbörn og foreldrar þeirra eru sérstaklega hvött til að koma. Þriðjudagur 28. jan.: Bænaugðsþjónusta kl. 18.00. Altarsangsa. Föstudagur 31. jan.: Síðdegisakafi kl. 14.30. Sóknarprestur.

Nesirkirkja: Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15.00. María Sigurðardóttir segir frá ferð til Kenya í máli og myndum. Jóhanna Möller syngur einsöng við undirleik Lára Rafnsdóttur. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11. Sr. Frank M. Hall-dórsson. Messa kl. 14.00. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Mánudagur: Æskulýðsstarfið kl. 20.00. Þriðjudagur og fimmtudagur: Óþió hús fyrir aldraða kl. 13-17. Miðvikudagur: Fyrirbænaugðsþjónusta kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Fimmtudagur: Biblíulestur kl. 20.00.

Þór Vigfússon með sýningu í Nýlistasafninu

Þór Vigfússon opnaði einkasýningu í Nýlistasafninu, Vatnssög 3b, föstudaginn 17. janúar. Verkin á sýningunni eru litáðar styttnar unnar beint í gífs. Þetta eru natúr-

aliskar mannamyndir og eru fyrirmyndarar sóttar í daglegt líf nútímans. Mætti ef til vill kalla verk in Venjulegar heitir eða Dagsdaglegar heitir.



Um 30.000 manns hafa séð kvikmyndina Löggulíf

Aðsókn hefur verið mjög góð að kvikmyndinni *Löggulíf* sem frum-sýnd var 19. des. sl. Um 30.000 manns hafa séð myndina, sem sýnd er í Nýja bíói í Reykjavík, en hefur auk þess nú þegar verið sýnd út á landi í Keflavík, Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Bolungarvík, Ísafirði og Vestmannaeyjum.


Nú sigur á seinni hluta sýningu.

Allt frá tímum Forngríkkja hefur fjöldi frægra myndhöggvara fengist við hversdagslegar fyrirmyndir samtímans og eru til dæmis verk Ásmundar Sveinssonar, Vatnsberinn og Járnsmiðurinn, nærtæk dæmi um þetta. Á svipaðan hátt tekur Þór hér hversdagsmanninn og sýnir hann við leik og störf. En þó myndefnið sé hefðbundið þá er framsetning hans nýstárleg, bæði hvað varðar efni og tækni.

Á undanförunum árum hefur Þór aðallega fengist við naturalískar myndir, fyrst og fremst skúlptúr en þó einnig málverk, og viðfagns-efnið verið landslag, dýr og menn. Þessi sýning er í rökréttu framhaldi af fyrri sýningum hans en hann hefur áður sýnt víða, bæði heima og erlendis.

Sýningin er opin virka daga kl. 16 til 18 en kl. 14 til 20 um helgar.

Henni lýkur sunnudaginn 26. janúar.




Gunnar Örn sýnir í Listasafni ASÍ

Laugardaginn 25. janúar nk. verður opnuð í Listasafni ASÍ sýning á verkum Gunnars Arnar. Gunnar Örn hélt fyrstu málverkasýningu sína árið 1970, en síðan hefur hann haldið 17 einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víða um Evrópu. Hann var valinn einn af fulltrúum Íslands á Listahátíðina í Sao Paulo 1985 og síðasta haust hélt Achim Moeller Fine Art-stofnunin í New York mikla sýningu á verkum hans.

Verk Gunnar Arnar eru víða í söfnum, Listasafni ASÍ, Listasafni Háskóla Íslands, Listasafni Íslands, listasöfnum Akureyrar, Borgarness og Keflavíkur, og nú síðast keypti hið virta Guggenheim Museum í New York málverk eftir hann.

Á þessari 18. einkasýningu Gunnars Arnar eru 40 málverk og 5 skúlptúrar. Sýningin stendur til sunnudagsins 9. febrúar og er opin virka daga kl. 16-20 og um helgar kl. 14-22.





Rauðhóla Rannsó frumsýnd

Í kvöld verður leikritið *Rauðhóla Rannsó* frumsýnt í Gamla bíói. Það er Hitt leikhúsið sem setur upp þessa sýningu en þetta er annað verkefnið sem það setur upp. Fyrsta verk þess, *Litla hryllingsbúðin*, naut gífurlegra vinsælda.

Höfundur *Rauðhóla Rannsó* er Claire Luckham og fjallar leikurinn um stúlkuna Rannsó sem verður glímukona og nær mikilli fræð á því sviði. Þýðendur eru Páll Baldvin Baldvinsson og Magnús Þór Jónsson. Glímuhjálfun var í höndum Englend-inganna Clifford Twemlow og Brian Vete.

Dansar: Sóley Jóhannsdóttir. Búningar: Dóra Einarsdóttir. Förun og háir: Ragna Fossberg. Tónlistarútsettingar: Jakob Magnússon.



Leikendur: Edda Heiðrún Bachman, Guðjón Pedersen, Edda Björgvinsdóttir, Leifur Hauksson, Kristín

Kristjánsdóttir, Andri Örn Clausen. Leikstjór og yfirmarsjón: Páll Baldvin Baldvinsson.

Listasafn Íslands

Par stendur yfir sýning á öllum myndum Jóhannesar S. Kjarvals í eigu safnsins, 130 að tölu. Eru það öllumálverk, teikningar og vatns-litamyndir sem spanna allan list-feril málarans. Í tengslum við sýninguna hefur verið gefið út rit með

ljósmyndum af öllum listaverkun-um. 116 svartvíttir og 12 í lit. Sýningin er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.30-16.00 og á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30-22.00.

Fundur um friðaruppeldi

Samtök um friðaruppeldi ætla að halda ársfund sinn laugardaginn 25. janúar næstkomandi. Þar mun Guðröður Sigurðardóttir kennari halda erindi og kynna námsfni sem hefur verið kennt undanfariandi í skólum í Bandaríkjunum, en þar hefur Guðröður verið við

nám. Þá koma á fundinn fulltrúar frá Samtökum lækna gegn kjarnorkuvá og Samtökum íslenskra eðlisfræðinga gegn kjarnorkuvá. Þessi samtök hafa í boði fræðslu-dagskrár um sérsvið sín til að flytja í skólum og verða þær kynntar á fundinum. Þá verða unnin almenn

ársfundarstörf samkvæmt stofnskrá Samtaka um friðaruppeldi. Fundurinn verður haldinn í stofu fr201 í Árnagarði á Háskólalóð og hefst kl. 14. Öllum áhugamönnum um uppeldismál er heimill aðgangur að fundinum.

Seljasókn: Barnaguðsþjónusta í Seljakústa kl. 10.30. Barnaguðsþjónusta í Óðusselsskóla kl. 10.30. Guðsþjónusta í Óðusselsskóla kl. 14.00. Altarsangsa. Þriðjudagur 28. jan.: Fyrirbænaugðsþjónusta í Tindaseli 3 kl. 18.30. Fundur í æskulýðsfélaginu í Tindaseli 3 þriðjudag kl. 20.00. Sóknarprestur.

Seljararnessókn: Barnasamkoma kl. 11 í kirkjunni. Sóknarnefndin.

Frikirkjan í Reykjavík: Barnaguðsþjónusta kl. 14.00. Guðspjallid í myndum. Barnasálmur og smábarnasöngvar. Afmælisbörn boðin sérstaklega velkomni. Framhaldssaga. Við píanóð Pavel Smid. Sr. Gunnar Björnsson.

Frikirkjan í Hafnarfirði: Barnasamkoma kl. 10.30. Messa kl. 14.00. Sr. Einar Eyjólfsson.

Kirkja Óháða safnaðarins: Guðsþjónusta kl. 14.00. Organisti Heiðmar Jónsson. Sára Þórstéinn Ragnarsson. Hóð árlaga Bjargarkaffi eftir messu í umsýjun Kvenfélags safnaðarins.

Keflavíkurkirkja: Sunnudagaskóli kl. 11, munið skólabílinn. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Siguróli Geirs-son. Sóknarprestur.

Tilkynningar

Fjárfélagarnefnd kirkjufélags Digranesprestakalls hefur félagsvestir í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastig nk. laugardag 25. janúar og hefst kl. 14.30.

Endurfæðing og aflausn – sjónarmið Veda-spekinnar

Þrír kennarar frá Evrópuheild Hare-Krishna-hreyfingarinnar munu halda fjölbreytta kynningu á hinni fornu andlegu arfleifð Indlands. Dagskráin samanstendur af fyrirlestir, hljómléikahaldi á hefðbundinni hugleiðslutólist (bhajan) myndbandasýningu og gómsætri grænmetisveislu – öllum opin án endurgjalds. Kynningin fer fram mánudaginn 27. janúar kl. 19.30 í Árnagarði, stofu 201, í Háskóla Íslands.

Bílasíminn sf. býður bílasíma á leigu.


Nú í áttáttu mánuði hefur Bílasíminn sf. verið starfandi og boðið landsmönnum og erlendum ferðamönnum upp á þá þjónustu að taka á leiga bílasíma í 1 dag eða lengur. Það sýndi sig fjölbreytt að þjónusta sem þessi var vel þegin, bæði af einstaklingum og fyrirtækjum. Notkunarsvið bílasíma er ótrúlega mikið, t.d. fyrir sölumenn sem fara út á land, einstaklinga, sem bíða eftir venjulegum síma, rúmfasta sjúklinga á sjúkrahúsi, ferðafólk, sem fer inn á hælendur, og alla þá sem þurfa að vera í góðu sambandi við umheiminn þó að þeir séu að ferðast um landið. Bílasíma er hægt að leigja með straumbreyti fyrir 220 v eða nota 12 v rafgeymi. Tenging og ísetning verk 2 mínútur og fylgja tengi fyrir kveikjara eða rafgeymi ásamt loftneti. Útibú er á Akureyri og sér Bílaleigan Geysir um afgreiðslu þar. Þeim sem búa utan þessara staða er hægt að senda bílasíma í flugi eða með bíl á áfangastað. Afgreiðsla í Reykjavík er að Hrisateigi 19 v/Sundlaugaveg, í Sólturninum Dónald, sími 823831.

Árshátíð Eskfirðinga- og Reyðfirðingafélagsins

Nú verður haldin nk. laugardag. 25. janúar, í Föstræðraheimilinu við Langhólsvæg. Samkoman hefst með borðhaldi kl. 20. Húsið verður opið frá kl. 19.30. Aðgöngumíðasala í Föstræðraheimilinu í dag frá kl. 17-19.

Skafftellingar

Skafftellingamót 1986 verður haldið í veitingahúsinu Glæsibæ laugardaginn 1. febrúar og hefst með borðhaldi kl. 19.30. Sára Sigurð Jónsson, Kirkjubæjarklaustri flytur hátíðaræðu, kór söngfélagsins syngur og hljómsveit leikur fyrir dansi. Forsala aðgöngumíða verður í Glæsibæ, laugardaginn 25. janúar kl. 14-16. Skafftellingafélagið í Reykjavík.



„Fúsi froskagleypir“ hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar

Leikfélag Hafnarfjarðar tekur nú á nýjan leik upp sýningar á barnaleikritinu „Fúsi froskagleypir“. Sýningin hefur legið niðri nú um nokkurt skeið. Leikritið naut mikilla vinsælda og eru nú um þrjú þúsund manns búin að berja það augum. Sagan um Fúsa er eftir danska barnabókahöfundinum Ole Lund Kirkegaard og gerði hann sjálfur

Fundur um friðaruppeldi

Samtök um friðaruppeldi ætla að halda ársfund sinn laugardaginn 25. janúar nk. Þar mun Guðröður Sigurðardóttir kennari halda erindi og kynna námsfni sem hefur verið kennt undanfariandi í skólum í Bandaríkjunum, en þar hefur Guðröður verið við nám. Þá koma á fundinn fulltrúar frá samtökum lækna gegn kjarnorkuvá og samtökum íslenskra eðlisfræðinga gegn kjarnorkuvá. Þessi samtök hafa í boði fræðsludagskrár um sérsvið sín til að flytja í skólum, og verða þær kynntar á fundinum. Þá verða unnin almenn ársfundarstörf samkvæmt stofnskrá samtaka um friðaruppeldi. Fundurinn verður haldinn í stofu 201 í Árnagarði á háskólalóð og hefst kl. 14. Öllum áhugamönnum um uppeldismál er heimill aðgangur að fundinum.

Fundur stjórna Stéttarsambands bænda

Á fundi stjórna Stéttarsambands bænda 19. janúar sl. var rétt um nýbirta niðurstöðu lögfræðinga um lögmæti innflutnings á kjöti til varnarliðsins. Í tilefni af þessu samþykkti stjórna Stéttarsambandsins eftirfarandi: „Stjórna Stéttarsambands bænda skorar á landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að Alþingi setti lög með ótvíðræm ákvæðum um bann við innflutningi til varnarliðsins á hráu kjöti og öðrum vörum sem borði geta með sér búfjársjúk-dóma.“



Reykjavík í myndlist

Stjórn Kjarvalsstaða hefur ákveðið að efna til myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum á Listahátíð í vor, sem nefnist „Reykjavík í myndlist“. Öllum starfandi myndlistarmönnum er hér með boðið að senda verk á sýninguna og mun dómnefnd síðan velja úr verkunum. Sýningin er haldin í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar og eins og nafnið bendir til er óskað eftir listaverkum þar sem Reykjavík er yrkisefnið eða fyrirmyndin.

Sýningin verður í vestræti og vest-

Guðspekifélag Íslands

Hvað er Autocoposphy? nefnist erindi sem Rúnar Sigurkarlsson og Guðmundur Jakobsson flytja í Guðspekifélagshúsinu, Ingólfsstræti 22, í kvöld kl. 21.

Kvenfélag Óháða safnaðarins

Að verður með kaffisölu í Kirkjubæ eftir messu sunnudaginn 26. janúar til ágóða fyrir Bjargarsjóð. Einnleikur á gítar og almennur söngur.

Félagsvíst Húvætingafélagsins

verður spilið laugardaginn 25. janúar 1986 kl. 14 í Skeifunni 17. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

„Listakönnur – verk í eigu Reykjavíkurborgar“

Nú stendur yfir í Gerðubergi annar hluti sýningarinnar „Listakönnur – verk í eigu Reykjavíkurborgar“. Á fyrsta hluta sýningarinnar sem haldið var í nóvember sl. voru sýnd verk latína listakvenna. Nú á öðrum hluta sýningarinnar verða sýnd verk eftir núlifandi listakönnur fæddar 1945 og fyrr. Þær sem eiga verk á sýningu þessari eru: Ása Ólafsdóttir, Ásgerður Búadóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Guðmunda Andrésdóttir.



Hótel Jörð á Skólavörðustíg

Nýlega var nýtt gistiheimili opnað í hjarta borgarinnar, nefnist það Hótel Jörð og er á verslunarsvæði gamla lámbæjarins, að Skólavörðustíg 13A. Þar er boðið upp á ódýra gistingu í eins manns herbergjum kostar kr. 750 og kr. 1100 í tveggja manna herbergjum. Rættist nú að nokkru úr þörf á ódýru gistiryfmi á höfuðborgarsvæðinu og

ir, Ingunn Eydal, Jóhanna Bogadóttir, Karen Agnete Þórðarson, Karolína Lárusdóttir, Kristín Jónsdóttir, Louisa Matthíasdóttir, Margrét Jónsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Sigríð Valtíngeir, Sigrún Guðjónsdóttir, Sólveig Eggerts Pétursdóttir, Svala Þórisdóttir og Þorbjörg Höskuldsdóttir. Verkin á sýningunni eru málverk, vefnaður, grafík og fleira. Gerðuberg stendur fyrir sýningu þessari í samráði við stjórna Kjarvalsstaða og er tilgangurinn sá að kynna almennningi þau verk er Reykjavíkurborg á. Verk þessi eru alla jafna á hinum mismunandi stofnum borgarinnar þar sem þau þrýða vegg.

Þau verk sem eru á sýningu þessari eru fengin að láni frá nítján borgarstofnum. Sýningin stendur til 15. febrúar.

„Listakönnur – verk í eigu Reykjavíkurborgar“

Nú stendur yfir í Gerðubergi annar hluti sýningarinnar „Listakönnur – verk í eigu Reykjavíkurborgar“. Á fyrsta hluta sýningarinnar sem haldið var í nóvember sl. voru sýnd verk latína listakvenna. Nú á öðrum hluta sýningarinnar verða sýnd verk eftir núlifandi listakönnur fæddar 1945 og fyrr. Þær sem eiga verk á sýningu þessari eru: Ása Ólafsdóttir, Ásgerður Búadóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Guðmunda Andrésdóttir.

Létt og skemmtilegt strandganga um óvenjuþjöðreytt svæði. Gamlar mannastarileifar skoðaðar. Fiskeldistöðvar í byggingu í leiðinni. Fararstjóri: Einar Eriksen. Verð 400 kr., fritt f. börn. Skíðagöngur hefjast um aðra helgi. Brottför frá BSI, bensínsölu. Helgarferð í Laugardal 7-9. febrúar, fráber gístaðstaða. Ótal göngumöguleikar, einnig til skíðagöngu. Ódýr ferð. Þórmörk í vetrarskrúðu 28-30. febr. Sjáumst með útivist.

Ferðafélag Íslands

Dagsferðir, sunnudag 26. janúar kl. 13 Óxárfoss í vetrarþúningi. Gengið um Almagnagá að Óxárfossi. Létt gönguferð. Fararstjóri Baldur Sveinsson. Verð kr. 350. kl. 13 skíðagönguferð á Mosfellsheiði. Gönguhrðið við allra hæfi. Fararstjóri: Salbjörg Óskarsdóttir og Margrét Júlíusdóttir. Verð kr. 350. Brottför frá Umferðarmistöðinni, austanmeiri. Farmíðar við bíl. Munið að koma hlýlega búin. Helgarferðir 14-16. febrúar. Brekkuskógu/göngu- og skíðaförð. Gíst í orlofsbúðum. 28. febrúar – 2. mars. Þórmörk í vetrarskrúðu. Ferðir.

Nýjung frá Ferðafélagi Íslands

Sérþentnar á greinum höfunda í Árbók F.Í. 1985 eru komnar út og til sölu á skrifstofunni, Óldugötú 3. Þessi rit henta vel til þess að taka með í ferðir og er nýbreytni í þjónustu við ferðafólk. Ferðist og ferðist í leiðinni. Kynnið ykkur eini þessara sérþentna er þær eru allar um nágræna þ.

Söngbók Gunnars Þórðarsonar

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum mun Gunnar Þórðarson vera að setja á svið skemmtun sem hann hefur kallað „Söng-bók Gunnars Þórðarsonar“. Mun þessi skemmtun byrja í kvöld, 18. janúar. Gunnar mun koma barna fram ásamt 13 manna hljómsveit og flytja flest sín bestu lög, ný og gömul. Einnig mun hann koma fram með sínum gömlu hljómsveitum eins og Hljómum og Trúbroti. Það er Fálkanum mikil ánægja að geta tilkynnt að á þessu opnunarkvöldi munu þeir afhenda Gunnari gullplötu fyrir „Borgarbrag Gunnars Þórðarsonar“. Einnig mun Fálkinn afhenda borgarstjórnunum í Reykjavík, Davíð Oddasson og Ólafi Hauki Simonsyni gullplötur fyrir texta sína á þessari sömu plötu. „Borgarbrag Gunnars Þórðarsonar“ hefur nú þegar selt í um 6000 eintökum. Platan fjallar um lífið og tilveruna í Reykjavík og er það von okkar að „Borgarbragur“ verði sem bórð á 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar.

Skemmtun fyrir eldri borgara

Arleg skemmtun Kiwanisklúbbsins Eldborgar í Hafnarfirði fyrir aldraða Hafnfirðinga verður haldin sunnudaginn 26. janúar nk. í félagsheimili íþróttahússins við Strandgötu. Skemmtunin hefst kl. 15 eftir hádegi og verður hún með líku sniði og verio hefur undanfarin ár. Kaffi og með